

**Sp.**

**356. Fyrirspurnir.**

[199. mál]

I. Til menntamálaráðherra um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað hefur verið gert til að framfylgja þingsályktun frá 22. mars 1979 um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar?

II. Til menntamálaráðherra um íslenskt efni á myndsnældum.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 3. maí 1982 um aðgang almennings að íslensku sjónvarpsefni á myndsnældum?

III. Til menntamálaráðherra um notkun sjónvarpsefnis í skólum o. fl.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hvað líður athugun á því að Námsgagnastofnun fái til dreifingar í skóla myndefni sem sjónvarpið hefur framleitt á liðnum árum og telst gagnlegt til notkunar í skólum?
2. Hvað kemur í veg fyrir að Námsgagnastofnun geti fengið slíkt efni til dreifingar í skólum?
3. Hver er stefna menntamálaráðherra að því er varðar notkun þessara mikilvægu og sterku fjölmiðla í skólakerfinu?
4. Hver er stefna menntamálaráðherra varðandi þátttöku Íslands í samvinnu skólasjónvarpsdeilda sjónvarpa á Norðurlöndum?

IV. Til dómsmálaráðherra um afdrif nauðgunarmála.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hversu oft hefur verið kært fyrir nauðgun síðan Rannsóknarlögregla ríkisins var sett á stofn árið 1977?
2. Hve margar kærur hafa leitt til ákæru?
3. Hve margar kærur hafa verið felldar niður vegna skorts á sönnunum?
4. Hve mörgum málum hefur lokið með sátt og hve háar upphæðir er um að ræða í hverju tilviki?
5. Hve margar ákæur hafa leitt til dóms á ofangreindu tímabili, og hver hefur refsing orðið í hverju tilviki?